



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2020

2011047SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 20. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingargjald o.fl.).

Almennt

Með frumvarpinu er lögð til tímabundin lækkun á tryggingagjaldi auk annarra breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Ber þar helst að nefna að styrkir fyrir einstaklinga með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins í formi niðurgreiðslu á fargjöldum innan lands teljist ekki til tekna. Þá er framlengd heimild Skattsins til að leggja ekki fram álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag á árinu 2020.

Sambandið styður tímabundna lækkun tryggingagjalds í eitt ár. Verði tillagan að lögum munu greiðslur sveitarfélaga lækka um 0,5 milljarða kr. á næsta ári.

Sambandið styður einnig skattfrelsi styrkja í formi lækkun fargjalda innanlands. Um er að ræða mikilvægt byggðamál og er tillagan í samræmi við tillögu A.11. Flug sem almenningssamgöngur í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.

Birting álagningarskráa

Í frumvarpinu er einnig lagt til að framlengja bráðabirgðaheimild Skattsins til að leggja ekki fram álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag þar sem slík álagning leiðir til þess að fjöldi aðila gera sér ferð í afgreiðslu Skattsins um land allt til að skoða skrárnar. Sambandið tekur ekki beina afstöðu til þessarar tillögu. Hins vegar óskar sambandið eftir því að þingnefndin veiti sveitarfélögum aðstoð til að tryggja þeim rafrænan aðgang að álagningarskrám en af því hafa sveitarfélögin beina og skýra hagsmuni. Síðustu ár hefur framkvæmd Skattsins á framlagningu álagningarskrár breyst en lengi vel voru álagningarskrár sendar hverju sveitarfélagi og lágu þar frammi. Síðustu ár hafa álagningarskrárnar eingöngu legið frammi í afgreiðslu Skattsins. Þetta breytta fyrirkomulag hefur orðið til þess að sveitarfélög hafa ekki lengur aðgang að álagningarskrám sem hefur valdið þeim töluverðum vandræðum þar sem álagningarskrár hafa gert sveitarfélögum kleift að fylgjast með útsvarstekjum sínum, þróun þeirra og ofáætlunum svo dæmi séu nefnd.

Um útsvar er fjallað í IV. kafla tekjustofna laganna. Þar kemur m.a. fram að ríkisskattstjóri annast álagningu útsvars og að sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafi sama rétt og gjaldendur til að kæra álagningu til ríkisskattstjóra og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar. Útsvar er einn mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaga og brýnt að sveitarfélög geti haft nákvæmar og nýlegar upplýsingar um útsvarsgreiðslur til bæði áætlunargerðar sem og til eftirlits með að útsvar sé rétt lagt á. Mikilvægt er að geta yfirfarið álagningaskrár þar sem heildarniðurstöður úr álagningaskrá eru eingöngu áætlun þar til niðurstöður liggja fyrir í skattskrá. Aðalástæðan fyrir því er að áætlað er á þá einstaklinga sem ekki hafa skilað inn skattframtölum. Í þeim hópi eru oft erlendir einstaklingar sem hafa flutt úr landi en ekki skráð þann flutning. Síðustu ár hafa verið samþykktar ríkar kröfur til sveitarfélög um fjármál þeirra og er því sjálfsögðu krafa að sveitarfélög geti fylgst með einum af sínum helstu tekjustofnum af töluverðri nákvæmni og með möguleikum til þess að uppfæra sínar áætlanir ef forsendur breytast.

Rétt þykir að vekja athygli á því að bætt eftirlit sveitarfélaga með útsvarsstofni sínum og markvissari samskipti Skattsins við sveitarfélög um framkvæmd álagningar ætti einnig að skila sér í bættum árangri ríkisins varðandi leiðréttingar á áætlunum og einnig innheimtu tekjuskatts. Samkvæmt 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hafa sveitarstjórnir, líkt og nefnt var hér að ofan, sama rétt til að kæra útsvarsálagningu til ríkisskattstjóra og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar. Þessi heimild er eðlileg í ljósi þess að ríkisskattstjóri leggur á útsvar fyrir hönd viðkomandi sveitarfélags og er því sveitarfélagið aðili að þeirri stjórnvaldsákvörðun. Staðan er þó sú að án aðgangs að álagningarskrá geta sveitarfélög ekki tekið afstöðu til þess hvort kæra eigi útsvarsálagningu þar sem forsendur álagningar eru þeim hular. Sveitarfélög hafa óskað eftir því að fá afrit af álagningaskrá líkt og áður en Skatturinn hefur ekki orðið við þeirri beiðni og hefur ekki heldur tekið afstöðu til þess hvornig sveitarfélög eigi að geta nýtt þennan kærurétt án þess að fá aðgang að gögnunum líkt og stjórnsýslulög kveða á um.

Svo allrar sanngirni sé gætt er sambandið meðvitað um að með auknum kröfum til skýrleika laga þegar kemur að afhendingu skattupplýsinga er eðlilegt að ekki þyki hægt að byggja á gamalli hefð eða óljósum lagaákvæðum. Getur því verið eðlilegt að Skatturinn veiti ekki aðgang að skattupplýsingum án skýrrar lagaheimildar þótt það hafi tíðkast áður. Hér er því brýn þörf á skýrum fyrirmælum löggjafans til að skera úr ágreiningi milli ríkis og sveitarfélaga. Afhending álagningarskráa og skattskráa til sveitarfélaga styður einnig við samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 sem undirritað var 30. september sl. Í 5. kafla samkomulagsins kemur fram að ríki og sveitarfélög séu sammála um aukið og nánara samstarf meðal annars með því að stuðla að aukinni samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil, m.a. með hertu eftirliti með skattundanskotum og svartri atvinnustarfsemi, og betri nýtingu bótagreiðslna.

Því óskar sambandið eftir því að í lögum um tekjuskatt komi fram skýr heimild til að afhenda sveitarfélögum rafrænt afrit af álagningarskrá og síðan skattskrá þegar hún er tilbúin. Skrár sem afhentar eru sveitarfélögum væru þá ekki til opinberrar birtingar, líkt og var hér áður fyrr, heldur eingöngu fyrir sveitarfélög til að meta hvort kæra ætti álagningu sem, til eftirlits með skattheimtu og til áætlunargerðar

fyrir næsta fjárhagsár. Það er rík krafa meðal sveitarfélaga að fá betri fjárhagsupplýsingar um sína tekjustofna. Það er mjög óeðlilegt að sveitarfélög geti ekki fengið neinar upplýsingar um álagningu útsvars jafnvel þótt Skatturinn sjái um þá innheimtu fyrir þeirra hönd. Getur þetta haft alvarleg áhrif á áætlanagerð sveitarfélaga og þá sérstaklega hjá minni sveitarfélög þar sem lítil frávík eða ofáætlanir geta valdið töluverðri skekkju í útreikningum.

Sambandið leggur því til eftirfarandi breytingu:

Við 98. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 kemur ný 3. mgr. sem er svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri skal senda hverri sveitarstjórn rafræna álagningarskrá og skattskrá þess sveitarfélags þegar skrárnar eru tilbúnar. Í skránum skulu koma fram álagður tekjuskattur og útsvar ásamt öðrum sköttum eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Sveitarfélögum er óheimilt að birta skattskrána opinberlega.


Sambandið óskar einnig eftir því skýrt verði kveðið á um að bráðabirgðaákvæðið sem áætlað er að framlengja hafi ekki áhrif á skyldu ríkisskattstjóra til að senda sveitarfélögum álagningarskrár og skattskrár.

Að lokum

Sambandið leggur ríka áherslu á að sveitarfélög fái aðgang að bæði álagningarskrám og skattskrám og óska eftir því að fylgja þeim áherslum eftir á fundi nefndarinnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri